

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1989

27. apríl 1989

467

Nr. 239

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 480/1983 um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1989, vegna tekjuársins 1988, skal nema 0,1% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 155 15. mars 1988.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Óskar Hallgrímsson.

30. apríl 1989

Nr. 240

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 329/1986, um skírteini gefin út af flugmálastjórn.

1. gr.

Grein 4. 3.1.1 Aldur orðist svo:

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs. Skírteinishafa er eigi rétt að starfa sem flugumferðarstjóri eftir að hann hefur náð 60 ára aldri. Heimilt er þó að framlengja þennan hámarksaldur um 5 ár til 31. desember 1990, en síðan aðeins um allt að 3 árum, enda gangist hlutaðeigandi flugumferðarstjóri undir skoðun trúnaðarlækna flugmálastjórnar ekki sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti, eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.